

Snæfellsbær  
Hildigunnur Haraldsdóttir  
Klettsbúð 4  
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 26. ágúst 2022  
UST202208-099/A.B.  
10.04.00

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýtt deiliskipulag - Krossavík á Hellissandi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 12. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýs deiliskipulags vegna sjóbaða við Krossavík, Hellissandi.

Í greinargerð kemur fram breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-2) þar sem áður var óbyggt svæði. Auk þess kemur fram að í deiliskipulagi verður m.a. gerð grein fyrir byggingum, bílastæði, vatnstöku og fráveitu.

### **Hraun og votlendi**

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins eru hraun sem falla undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sjávarfitjar sem falla undir a. lið 1. mgr. laganna.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um vistkerfin og jarðminjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á þeim þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### **Mikilvæg fuglasvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ og nefnist það Snæfellsnes<sup>1</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>).

---

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/snaefellsnes>

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristin Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum um vor og haust. Á heimasíðu NÍ segir að miðað sé við að ef um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist hún ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og áhrif tillögunnar á svæðið.

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist *Utanvert Snæfellsnes<sup>2</sup>* og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem: „*Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ofangreint komi fram í tillögunni og fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

### **Aðgengi**

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14. um skipulag við vötn ár og sjó: „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“ Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir almenning meðfram sjónum, svo að útivistargildi skerðist ekki.

### **Samráð**

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að samráð sé haft við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands varðandi tillöguna og starfsemina, ekki einungis varðandi fráveitumál.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

---

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>